

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 21. ágúst 2009

Greiðslutryggingar: Opnað fyrir Ísland

Eitt stærsta greiðslutryggingarfélag heims, Coface, hefur nú staðfest skriflega að fyrirtækið sé tilbúið til að tryggja greiðslur íslenskra fyrirtækja á sama hátt og gildir með fyrirtæki í öðrum löndum. Þetta þýðir að innflytjendur hér á landi mega búast við því að uppbygging trausts í formi reikningsviðskipta á milli landa sé nú lengra á veg komið en áður. Greiðslutrygging getur þá orðið til þess að innflytjendur þurfi ekki að fyrirframgreiða eða staðgreiða pantanir í sama mæli og hefur tíðkast frá síðastliðnu hausti.

Innflytjendur, sem enn búa við ströng fyrirmæli um staðgreiðslur og innborganir pantana, geta því bent erlendum birgjum sínum á að óska eftir greiðslutryggingu vegna reikningsviðskipta við þau hjá Coface. Almennt gildir þá að erlendum aðili þarf að vera í einhverjum tryggingarviðskiptum hjá Coface og sé það svo mun Coface meta hvert íslenskt fyrirtæki fyrir sig á sama hátt og gildir um fyrirtæki frá öðrum löndum. Nánari upplýsingar um þetta geta innflytjendur fengið hjá Creditinfo.

Þessi yfirlýsing frá Coface og vilji til stuðnings íslenskum fyrirtækjum er afrakstur vinnu sem sett var á laggirnar í nóvember 2008, stuttu eftir að erlend greiðslutryggingarfélög lokuðu fyrir tryggingar á íslenskum fyrirtækjum.

Viðskiptaráð og lðnaðarráðuneytið áttu þá frumkvæði að því að mynda samstarfshóp þeirra aðila sem liðkað gætu fyrir samskiptum við greiðslutryggingarfyrirtæki fyrir hönd íslenskra fyrirtækja. Í þessum hópi hafa starfað, auk Viðskiptaráðs og lðnaðarráðuneytis, Creditinfo á Íslandi, TM, Sjóvá, Seðlabanki Íslands, Utanríkisráðuneyti, Viðskiptaráðuneyti og fulltrúar allra ríkisbankanna.

Bankaábyrgðir

Viðskiptaráð hefur að undanfögnu kannað umfang þess vanda sem mörg íslensk fyrirtæki standa frammi fyrir hvað varðar bankaábyrgðir hjá íslenskum bönkum. Eins og við er að búast hafa mörg innlend fyrirtæki, sem stunda milliríkjaviðskipti af einhverju tagi, átt í vandræðum með að fá erlenda viðskiptaaðila til að taka ábyrgðir íslenskra banka gildar, en það er þó ekki algilt. Sum innlend fyrirtæki, einkum stærri fyrirtæki, sem hafa tengsl við alþjóðalegar samsteypur, hafa til að mynda ekki lent í miklum vandræðum hvað þessi atriði varðar.

Smærri fyrirtæki hafa þó rekið sig á að erlendir aðilar eru vissulega tregari til að taka ábyrgðir íslenskra banka gildar eftir hrun fjármálakerfisins, en það veltur þó iðulega á því hversu langt aftur í tímann viðskiptasambönd teygja sig og er vandinn því misjafnlega alvarlegur eftir fyrirtækjum. Í sumum tilfellum

hafa erlendir aðilar haldið áfram að taka áður útgefnar ábyrgðir íslenskra banka gildar en í öðrum tilfellum hafa erlendir birgjar krafist fyrirframgreiðslna í ríkara mæli en áður. Í þeim tilfellum þar sem erlendir aðilar taka ábyrgðir íslenskra banka ekki gildar hefur sú leið stundum verið farin að sleppa einfaldlega ábyrgðinni. Þetta felur þó iðulega í sér að íslenska fyrirtækið þarf að senda því erlenda ítarlegar upplýsingar um fjárhagsstöðu sína.

Eitt virðist þó sammerkt með flestum þeim fyrirtækjum sem nota bankaábyrgðir í íslenskum bönkum en það er sú staðreynd að afgreiðsla slíkra ábyrgða tekur nú öllu jafna mun lengri tíma en áður. Þannig tók afgreiðsla ábyrgða iðulega um tvo til þrjá daga fyrir hrun en getur nú tekið allt að tvær vikur. Þetta sýnist í fljótu bragði óþarflega langur afgreiðslutími og til þess eins fallinn að tefja viðskipti og torvelda samskipti innlendra og erlendra aðila.

Viðskiptaráð mun nú halda áfram að vinna að úrlausn þessa vanda á grundvelli þeirra upplýsinga sem þegar hafa borist frá félögum. Þeir félagar sem búa yfir upplýsingum um þessi mál sem þeir vilja koma á framfæri eru beðnir um að hafa samband við ráðið í síma 510-7100 eða með því að senda póst á vi@vi.is.

Þjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Alþjóðlega greiðslutryggingafélagið Coface hefur opnað fyrir viðskipti við Ísland** á nýjan leik. Þetta eru mjög góðar fréttir og til marks um að trúverðugleiki íslenska hagkerfisins sé á réttri leið.
- **Miklar líkur eru á að gagnaver rísi á Blönduósi á næstunni** og er áætlað að allt að 1200 manns komi að byggingunni. Gagnaverið kemur til með að skapa 120 ný störf. Að baki verkefninu standa íslenskir og alþjóðlegir fjárfestar.
- **Nýr Seðlabankastjóri hóf störf í vikunni** og er það liður í að auka trúverðugleika Seðlabanka Íslands hér heima og á erlendum vettvangi.
- **Aflaverðmæti íslenskra fiskiskipa jókst** á fyrstu fimm mánuðum ársins samanborið við sama tímabil í fyrra. Verðmætin námu um 42 mö.kr. á tímabilinu samanborið við tæpa 40 ma.kr. í fyrra.
- **Íslendingar eru ennþá meðal hamingjusömustu þjóða Evrópu** þrátt fyrir efnahagshremmingar síðustu missera samkvæmt nýlegri rannsókn Lýðheilsustöðvar.

- **Álverð á heimsmarkaði hefur hækkað nokkuð undanfarið** og stendur nú í um 2000 dollurum á hvert tonn. Álverð hefur ekki verið eins hátt síðan í október á síðasta ári.
- **Heildaraflí íslenskra fiskiskipa jókst í júlí** samanborið við sama mánuð á síðasta ári. Heildaraflinn nam rétt rúmum 160 þús. tonnum í síðasta mánuði, sem er um 4% aukning á milli ára.
- **Þjóðverjar hafa ekki verið bjartsýnni í rúmlega 3 ár** samkvæmt nýlegum mælingum. Það eru vissulega góð tíðindi að neytendur stærsta hagkerfis í Evrópu skulu vera bjartsýnni nú en áður.
- **Tölvuleikjaframleiðandinn CCP greindi í vikunni frá nýjum leik** sem félagið áformar að þróa. Er hér um að ræða tölvuleik fyrir leikjatölvur, en hingað til hefur CCP sérhæft sig í leikjum fyrir PC-tölvur.

Góða helgi.